



Viðurkenning á færni til starfa

Notkun aðferðafræði raunfærnimats í ákveðnum störfum





Education and Culture

Leonardo da Vinci

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins styrkir verkefnið sem greint er frá í þessu riti. Viðhorf þau sem birtast í ritinu eru á ábyrgð höfundna þess og endurspegla ekki endilega viðhorf framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hvorki framkvæmdastjórnin né nokkur aðili sem starfar á hennar vegum er ábyrgur fyrir efni ritsins.

Efnisyfirlit

■ Inngangur	5
■ Markmið verkefnis	5
■ Markhópar	6
■ Afrakstur verkefnis	6
■ Evrópskar leiðbeiningar	6
■ Aðferðir við nám	7
■ Formlegt nám	7
■ Óformlegt nám	7
■ Formlaust nám	7
■ Viðurkenning á færni sem fengin er á vinnustað	7
■ Starfsgreinar í tilraunaverkefnum	7
■ Stýrihópar hagsmunaaðila	8
■ Þróun yfirviðmiða	8
■ Tengsl við innlenda viðmiðaramma og evrópska viðmiðarammann um ævinám	9
■ Þróun undirviðmiða	9
■ Yfirmarkmiðin 12, til aðlögunar að þrepum evrópska viðmiðarammans	10
■ Ferli raunfærnimatsins í REVOW verkefninu	10
■ Flæðirit fyrir REVOW ferlið	11
■ Helstu skref	12
■ Aðferðir og viðfangsefni	12
■ Niðurstöður REVOW tilraunaverkefnisins	12
■ Matsaðilar og hlutverk þeirra í raunfærnimatinu	13
■ Hlutverk stýrihópsins	14
■ Hlutverk verkefnisstjóra	14
■ Hlutverk ráðgjafa	14
■ Hlutverk yfirmatsaðila/fagaðila	15
■ Ávinningur af raunfærnimati	15

Gröf

■ Svörun og tölfræði	16
■ Sp.1 Meðaltal mælingar á ánægju með hönnun á ferli raunfærnimatsferlisins	17
■ Sp.2 Meðaltal mælingar á ánægju með ráðgjafana	17
■ Sp.3 Meðaltal mælingar á ánægju með fagaðilana	17
■ Sp.4 Meðaltal mælingar á ánægju með stuðning stofnana	18
■ Sp.5 Heildaráhrif	18
■ Sp.6 Heildarniðurstaða fyrir væntingar um starfsframa	18
■ Sp.7 Heildarniðurstaða fyrir framlag til samfélagsins	19
■ Sp.8 Heildarniðurstaða fyrir lærdóm	19
■ Sp.9 Heildarniðurstaða fyrir viðurkenningu á sérþekkingu	19



4

Viðurkenning á færni til starfa



Fundur stýrihópsins á Íslandi.



Raunfærnimat í tilraunaverkefni í Grikklandi.



Þátttakendur í danska tilraunaverkefni með skírteinin sín í lokahófi.



Inngangur

Í verkefninu *Viðurkenning á gildi starfa* (REVOW) sameinuðust stofnanir frá fjórum löndum í Evrópu um að þróa aðferðir og verkfæri sem styðja við ferli til viðurkenningar á færni sem aflað er á vinnustað. REVOW verkefnið er yfirfærsluverkefni sem stutt er með fjárframlagi frá framkvæmdastjórn Evrópu-sambandsins í gegnum Leonardo da Vinci áætlunina. Verkefnið beinist að því að þróa ramma til að viðurkenna og meta þekkingu og hæfni sem aflað er á vinnumarkaði og tengja staðfesta færni við innlenda viðmiðaramma og evrópska viðmiðarammann um ævinám (NQF/EQF).

Raunfærnimat er ferli sem felst í að meta óformlegt og formlaust nám einstaklinga til að ákvarða að hvaða marki þeir hafi náð færni viðmiðum sem sett eru sem skilyrði til að ljúka, að hluta eða öllu leyti, tilteknu námi.

Raunfærnimat tekur mið af því að fólk lærir með ólíkum ætti og á ólíkum vettvangi. Hægt er að meta bæði formlega menntun og þjálfun sem og formlaust nám í gegnum vinnu eða lífsreynslu.

Í raunfærnimati felst:

- (a) Formleg viðurkenning, þ.e. ferli sem veitir opinbera viðurkenningu á leikni og færni með útgáfu skirteina eða annarrar jafngildrar viðurkenningar (eininga, staðfesting áunninnar leikni).

- b) Félagsleg viðurkenning – staðfesting samfélags- og fjárhagslegra hagsmunaaðila á gildi leikni og færni.

Heimild: Cedefop, (2004). Tissot, P. *Terminology of vocational training policy – A multilingual glossary for an enlarged Europe*. Lúxemborg. Útgáfuskrifstofa.

Aðalmarkmið verkefnisins Viðurkenning á gildi starfa var að búa til ramma til að skilgreina færni í gegnum ákveðið ferli með fólki – starfsfólki með faglega reynslu sem það hefur aflað sér í gegnum óformlegt og formlaust nám. Staðfesting þessarar færni og tenging við evrópska viðmiðarammann og innlendu viðmiðarammana gerir einstaklingum kleift að fá færni sína metna til að geta þróað hana áfram. Vottun færninnar gerir einstaklingum kleift að tryggja faglega stöðu sína.

Markmið verkefnisins:

- Að þróa ferli sem gerir starfsfólki með litla formlega menntun kleift að skilgreina og fá metna þá þekkingu og leikni sem það býr yfir.
- Að draga fram færni viðmið.
- Að greiða fyrir raunfærnimati með staðfestingu á færni sem auðveldar starfsfólki að gera áætlun til auka færni sína og opna þeim tækifæri til frekari menntunar.
- Að aðstoða starfsfólk við að fá viðurkennda þá færni sem það hefur öðlast, efla sjálftraust þess og leiðbeina því við að taka þátt í símenntun.

- Að sjá til þess að færni sé viðurkennd í löndum Evrópu og að auka á hreyfanleika starfsfólks með því að tengja viðmið sem notuð eru við innlenda viðmiðaramma/evrópska viðmiðarammann.

Markhópar

- Einstaklingar á vinnumarkaði með litla formlega menntun.
- Aðilar vinnumarkaðarins, fyrirtæki, stéttarfélag, menntastofnanir og stefnumótandi aðilar.
- Leiðbeinendur/fagaðilar, ráðgjafar og verkefnisstjórar raunfærnimats.

Afrakstur verkefnis

- Bæklingur.
- Heimasíða.
- Skýrsla um þróun viðmiða. Yfirviðmið með sterka evrópska skírskotun.
- Leiðbeiningar á vefnum um raunfærnimatsferla fyrir ákveðin störf (byggðar á REVOW).
- Leiðbeiningabæklingur sem lýsir áherslum REVOW fyrir markhópunum.
- Samantekt úr tilraunaverkefnum.
- Lokaráðstefna.

Afurðir verkefnisins er hægt að finna á vef REVOW:

www.revow.eu

Evrópskar leiðbeiningar

Til að viðurkenna mikilvægi og þýðingu náms utan formlegra leiða menntunar og þjálfunar, innleiddi leiðtoga ráð Evrópusambandsins samræmdar evrópskar leiðbeiningar til að skilgreina og viðurkenna óformlegt og formlaust nám, í maí 2004. Leiðbeiningarnar voru settar fram á hlutlausan hátt en í þeim eru greind lykilatriði sem hafa afgerandi áhrif á þróun og innleiðingu aðferða og kerfa fyrir raunfærnimat. Stofnun samstarfshóps (árið 2006) um viðurkenningu á hæfniviðmiðum, í tengslum við áætlunina Menntun og þjálfun 2010, hefur gert það auðveldara að fylgja sameiginlegu leiðbeiningunum eftir á kerfisbundinn hátt. Sameiginlegum evrópskum leiðbeiningum um mat á óformlegu og formlausu námi er ætlað að styrkja samanburðarhæfi og gagnsæi nálgunar og aðferða við raunfærnimat óháð landamærum. Þau atriði sem geta gert raunfærnimatsferli fyrir óformlegt og formlaust nám líklegri til árangurs eru:

- Samvinna og ráðgjöf viðeigandi aðila;
- Nægjanlegt fjármagn og mannauður;
- Þjálfun og leiðbeiningar fyrir starfsfólk sem kemur að stefnumótun og löggjöf;
- Skýr grundvallaratriði, til dæmis um viðmið og hæfniprep;
- Þróun aðferða þar sem mið er tekið af færni viðmiðum;

- Gæðatrygging, vöktun og mat til að tryggja sanngirni og byggja upp traust;
- Læra af öðrum og deila reynslu.

Í grundvallaratriðum krefst árangursríkt raunfærni-mat þess, samkvæmt evrópskum leiðbeiningum um mat á óformlegu og formlausu námi (Cedefop, 2009), að það sé almennt viðurkennt sem tæki til að ná pólitískum yfirmarkmiðum um þætti eins og símenntun, vinnufærni og félagslega virkni. Árangurinn byggist einnig á því að matið sé samþætt og að það verði óaðskiljanlegur hluti hæfniskerfisins, pólitískt, lagalega, stjórnumarlega og fjárhagslega.

Aðferðir við nám

Formlegt nám

Nám sem fer fram í skipulögðu og mótuðu samhengi (í skóla, fræðslu- og símenntunarmiðstöð eða á vinnustað) og er sérstaklega hannað sem nám (með hliðsjón af námsmarkmiðum, námstíma og námsaðstoð). Formlegt nám er meðvitað ferli frá sjónarhóli þess sem nemur. Venjulega leiðir það til útgáfu skirteinis.

Óformlegt nám

Nám sem er fyrirfram skipulagt en ekki endilega hannað sem nám (hvað varðar námsmarkmið, námstíma eða námsaðstoð). Það inniheldur engu að síður mikilvægt hlutverk náms. Óformlegt nám er meðvitað nám frá sjónarhóli þess sem nemur. Venjulega leiðir óformlegt nám ekki til útgáfu skirteinis.

Formlaust nám

Nám sem er afrakstur athafna sem tengjast daglegri vinnu, fjölskyldu eða frítíma. Það er ekki skipulagt eða mótað (í skilningi námsmarkmiða, námstíma eða námsaðstoðar). Formlaust nám er oftast ómeðvitað frá sjónarhóli þess sem nemur. Venjulega leiðir það ekki til útgáfu skirteinis.

Heimild: Cedefop, (2009), *European Guidelines for Validating Non-formal and Informal Learning*, Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities, ISBN 978-92-896-0602-8.

Viðurkenning á færni sem fengin er á vinnustað

Viðurkenning á óformlegu og formlausu námi er byggð á þeirri hugmynd að nám eigi sér ekki eingöngu stað innan formlega skólakerfisins heldur einnig innan margvíslegra stofnana og í fjölbreyttu samhengi. Litið er svo á að allt nám sé gagnlegt og því eigi að skjalfesta það, óháð því hvernig staðið er að því. Með staðfestingu á óformlegu og formlausu námi gefst fullorðnu fólki á vinnumarkaði fleiri tækifæri til að efla færni sína með menntun og þjálfun.

Starfsgreinar í tilraunaverkefnum

Tilraunaverkefnið fóru fram í fjórum löndum í eftirtöldum fjórum starfsgreinum:

Ísland: Hljóðvinnsla

Írland: Sparisjóður stéttarfélaga

Danmörk: Félags- og heilbrigðisþjónusta

Grikkland: Bifvélavirkjun



Samstarfsaðilar verkefnisins á þriðja fundi í Patras, Grikklandi.

Í VOW verkefninu hefur tilraunaverkefnum nú þegar verið hrint í framkvæmd í bankageiranum (Ísland, Kýpur, Danmörk), í félagsþjónustu (Slóvenía) og í stjórnsýslu (Svíþjóð). Þau hafa öll byggt þróun undirviðmiða á yfirviðmiðum, sem reyndist vera hægt að yfirfæra milli starfsgreina, og á aðferðum raunfærnimatsins, þar sem sjónum er beint að færni sem fengin er á vinnumarkaði.

Stýrihópar hagsmunaaðila

Stýrihópur var myndaður í hverju landi, til ráðgjafar og til að greiða fyrir þróunarstarfi. Í stýrihópunum komu saman hagsmunaaðilar m.a. frá stéttarfélagum, atvinnurekendum, fagfélögum, formlega skólakerfinu, sem og mannauðssérfræðingar og fulltrúar frá innlendum stofnunum sem bera ábyrgð á því að votta hæfni og réttindi.

Í hverju þátttökulandi fyrir sig veitti stýrihópurinn dýrmætan stuðning við þróun verkefnisins.

Stýrihóparnir hafa verið sérstaklega mikilvægir við að afla aðfanga, meta og staðfesta hvort viðmið og undirviðmið gefi rétta mynd af þeim kröfum sem gerðar eru til starfsins og hvort þau falli að hefðum vinnu og þjálfunar.

Þróun yfirviðmiða

Yfirviðmiðin 12 um færni sem þróuð voru í REVOW verkefninu eru byggð á 10 yfirviðmiðum sem mótuð voru í VOW verkefninu. Viðmiðin eiga bæði við faglega og persónulega færni. Á vinnumarkaði er lögð áhersla á þá persónulegu færni sem einstaklingurinn býr yfir og gerir hann færnan í starfi sínu, þ.e. samskipti, skipulag, sjálfstæði og samvinnu. Styrkur þeirra sem hafa reynslu af vinnumarkaði er mjög tengdur þessari hagnýtu færni ásamt beinni faglegri hæfni. Yfirviðmiðin 12 sem notuð eru í REVOW verkefninu er ætlað að endurspeglar það sem að ofan greinir ásamt því að tengjast innlendum viðmiðarömmum og evrópska viðmiðarammanum. Brýnt var að viðmiðin sem voru búin til þjónuðu tilgangi sínum og væru tekin upp í öllum samstarfslöndunum. Hægt er að yfirfæra yfirviðmiðin á milli starfsgreina og ætlunin er að þau séu notuð sem staðall við skilgreiningu á undirviðmiðum fyrir ákveðið starf.

Tengsl við innlenda viðmiðaramma og evrópska viðmiðarammann um ævinám

Evrópski viðmiðaramminn um ævinám leggur til ferli sem leiðir til aukins gagnsæis og betri möguleika á samanburði á milli Evrópulandanna. Lykilatriði í REVOW verkefninu hefur verið að auka ráðrúm til að staðfesta færni sem þróuð hefur verið á vinnustað, og áhersla evrópska viðmiðarammans á hæfniviðmið (andstætt venjulegri námsskrá) í þessu samhengi hefur reynst mikilvæg. Þar að auki hafa yfirviðmiðin og undirviðmiðin verið skilgreind og tengd viðeigandi evrópskum og innlendum þrepum viðmiðarammans í samvinnu við hagsmunaaðila í stýrihópnum í hverju landi fyrir sig.

Þróun undirviðmiða

Undirviðmiðin voru þróuð á grundvelli yfirviðmiðanna 12 og samkvæmt starfslýsingum frá völdum starfsgreinum í hverju landi, í náinni samvinnu við viðkomandi hagsmunaaðila sem sitja í stýrihópnum. Greining samstarfsaðila studdi ferlið með umræðum um hvernig ætti að tengja undirviðmiðin við yfirviðmiðin og hvernig lýsa ætti viðmiðunum á mælanlegu formi. Til að afmarka umræðuna var haldinn netfundur þar sem rætt var við dr. Declan Kennedy frá Írlandi, en hann er sérfræðingur í færniviðmiðum. Skýringar voru svo grundvallaðar á innblæstri frá greininni Writing and Using Learning Outcomes: A practical Guide, eftir Declan Kennedy, Aine Hyland og Normu Ryan.

Nánari lýsing á viðmiðunum og þróun þeirra er að finna í skýrslu um þróun viðmiðanna (www.revow.eu).

Fyrir árangursríka aðlögun viðmiðanna þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- Mikilvægt er að allir hagsmunaaðilar taki frá upphafi þátt í ferli raunfærnimatsins. Það getur tryggt að árangurinn reynist marktækur innan starfsgreinarinnar.
- Viðeigandi greining á starfinu sem um ræðir þarf að fara fram áður en unnt er að ákvarða þau færniviðmið sem nauðsynleg eru til að uppfylla starfskröfur.
- Þegar færni er lýst ætti að setja fram færniviðmið á mælanlegu formi.
- Þegar lykilmæni starfs hefur verið ákvörðuð er sú færni notuð sem grundvöllur undirviðmiðanna sem nota skal. Með þessu móti er hægt að velja matsverkfæri sem hæfa matsferlinu.
- Með viðeigandi matsaðferðum er hægt að bera færni hvers starfsmanns saman við þau færniviðmið sem starfið sem um ræðir krefst, það ferli dregur fram niðurstöður raunfærnimatsins.
- Starfsmennirnir sjálfir eru miðdepill ferlisins en oft koma aðrir starfsmenn, stjórnendur og jafnvel viðskiptavinir líka að því.

Yfirmarkmiðin 12, til aðlögunar að þrepum evrópska viðmiðarammans

Þekking	Leikni	Færni
Þ1: Hefur fullnægjandi skilning á því svæðisbundna, innlenda, erlenda og samfélagslega samhengi sem starfsgreinin tilheyrir.	L1: Getur átt samskipti við viðskiptavini af innlifun/áhuga og næmi fyrir þörfum þeirra og sýnt virðingu og fagmennsku við allar aðstæður.	F1: Getur á fullnægjandi hátt metið sjálfstætt þarfir einstakra viðskiptavina og tengt þær vörum og þjónustu.
Þ2: Hefur fullnægjandi þekkingu og skilning á vöru og þjónustu starfsgreinar og fyrirtækis/stofnunar.	L2: Sýnir ávallt í starfi sínu ábyrgð, nákvæmni og stundvísni.	F2: Tekur virkan þátt í hópstarfi og samvinnu innan og utan vinnustaðar og sýnir í því sambandi ábyrgð og frumkvæði með áherslu á framþróun.
Þ3: Hefur grunnfagþekkingu á starfinu.	L3: Sýnir ávallt fullan trúnað og virðingu fyrir siðareglum og grunngildum stéttarinnar.	F3: Heldur sjálfum sér ávallt upplýstum um nýjungar sem tengjast starfinu og sýnir í því sambandi sveigjanleika og aðlögunarhæfni.
	L4: Setur viðskiptavininn ávallt í öndvegi með því að vera þjónustumiðaður og fær um að skapa traust.	F4: Getur skipulagt starf sitt og unnið á jákvæðan og sjálfstæðan hátt.
	L5: Getur tjáð sig skýrt og á skiljanlegan hátt um málefni starfsgreinarinnar bæði munnlega og skriflega á móðurmáli og erlendum málum ef þörf er á.	


Ferli raunfærnimatsins í REVOW verkefninu

Viðurkenning á raunfærni er þrepaskipt ferli. Í verkefninu voru margvíslegar aðferðir og verkfæri notuð til að innleiða raunfærnimatsferlið, að lokinni mótun viðmiða og undirviðmiða ásamt undirbúningi og skipulagi. Dýrmæt reynsla fékkst úr tilraunaverkefnum. Nákvæma lýsingu á


staðfestingarferlinu sem þróað var í REVOW verkefninu er að finna í leiðbeiningunum á vefsíðu verkefnisins, www.revow.eu. Hér er útlistað helstu skrefum, viðfangsefnum, hindrunum og athugasemdum sem komu upp á meðan á ferli raunfærnimats verkefnisins stóð, til þess að aðrir geti notfært sér það.

Flæðirit fyrir REVOW-ferlið

Undirbúningur



Framkvæmd



Niðurstaða



Helstu skref

Í upphafi er afar mikilvægt að veita væntanlegum þátttakendum fullnægjandi upplýsingar um allt ferlið svo að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku. Fagleg ráðgjöf ætti líka að vera fyrir hendi á meðan á ferlinu stendur.

Stýrihópurinn ætti að taka virkan þátt í að ákveða hvaða aðferðafræði er notuð. Það mun tryggja betur gæði skirteinisins sem veitt er í lok ferlisins. Leggja þarf áherslu á þjálfun þeirra fagaðila og ráðgjafa sem taka þátt í verkefninu. Hvað varðar gæðamál er sérstaklega mælt með evrópskum leiðbeiningum um mat á óformlegu og formlausu námi (CEDEFOP, 2009).

Aðferðir og viðfangsefni

Að minnsta kosti þrjár aðferðir voru notaðar í hverju landi til að meta færni þátttakenda. Algengastar voru færnimöppugerð, mat yfirmanns, viðtöl og raundæmi.

Öll aðildarlöndin notuðu færnimöppugerð sem framkvæmd var í hópum undir handleiðslu ráðgjafa (2x2 klst.). Í kjölfarið vann hópurinn að sjálfsmati á móti settum viðmiðum þar sem aðstoð fagaðila var líka í boði, þ.e. nánari skýringar á orðnotkun undirviðmiða (einnig 2x2 klst.). Á hópinnufundum gafst þátttakendum tækifæri til að kynnast innbyrðis og stuðluðu þeir að jafningjastuðningi í gegnum ferlið. Skráning á færni er mikilvægur þáttur til að gera þátttakandanum kleift að safna gögnum og koma orðum að færni sinni og er undirbúningur fyrir

matsstigið. Sjálfsmatið, á móti settum viðmiðum, gerir þátttakendum kleift að kynna sér þau viðmið sem ákveðin hafa verið og þjónar einnig þeim tilgangi að vera undirbúningur fyrir hið eiginlega matsstig. Aðalatriðið er að viðmiðin sem notuð eru séu gagnsæ.

Aðferðin *sjálfsmat/samræður við yfirmann* var notuð í flestum löndum. Aðferðin gefur færi á endurgjöf á starfsfærni þátttakanda og veitir yfirmatsaðila einnig gagnlegar upplýsingar. Athygli vakti að mat yfirmanna var yfirleitt hærra en sjálfsmat starfsmannanna.

Aðferðin *raundæmi* var notuð í flestum löndunum og var talin áhrifarík til að meta færni þátttakenda. Aðrar aðferðir voru *viðtöl, áhorf og sviðsett dæmi*.


Flestar aðferðir og verkfæri sem mælt var með á byrjunarstigi verkefnisins voru talin árangursrík, þó að í sumum löndum hafi þurft að aðlaga þau lítillega að ólíkum aðstæðum í hverju landi fyrir sig.

Niðurstöður REVOW tilraunaverkefnisins

Alls luku 85 þátttakendur (af 89 sem byrjuðu) raunfærnimati á starfsfærni í fjórum starfsgreinum.

Á Íslandi: Alls 24 þátttakendur með reynslu af hljóðvinnslu voru raunfærnimetnir á 3. og 4. þrepi evrópska viðmiðarammans.

Á Írlandi: Alls 25 þátttakendur með starfsreynslu frá sparísjóðum stéttarfélagu voru raunfærnimetnir. Staðfestingarferli er í undirbúningi hjá



Írski þátttakandinn, Maureen Byrne, tekur á móti skírteininu sínu frá David Begg aðalritara ICTU.

Starfsréttindastofnun Írlands (National Qualifications Authority Ireland). Í ljósi þess að fjármálaeftirlitið hefur viðurkennt ákveðna háskólamenntun sem er á 6. þrepi írsku viðmiðarammans markar það mikilvæg tímamót þar sem það myndi gera viðmið sparisjóða stéttarfélaganna jafngild 5. þrepi evrópska viðmiðarammans.

Á Grikklandi: Alls voru 19 þátttakendur með reynslu af bifvélavirkjun raunfærnimetnir á 3. þrepi evrópska viðmiðarammans.

Í Danmörku: Alls voru 17 þátttakendur með reynslu úr heilbrigðis- og félagsþjónustu raunfærnimetnir á 3. og 4. þrepi evrópska viðmiðarammans. Þegar ferlinu lauk fengu þátttakendur frá löndunum fjórum afhent skírteini sem undirrituð voru af fulltrúum hverrar starfsgreinar og samstarfsaðilanna. Sum skírteinin voru nákvæmari en önnur og innihéldu

skriflega umsögn frá yfirmatsaðila með samantekt og skýringum á þeirri færni sem var raunfærnimetin.

Þátttakendur reyndust ánægðir með skírteini sín. Þau eru mikilvægur hluti ferlisins og staðfesta færni þátttakenda svo að þeir geti haldið áfram þátttöku í símenntun. Því ætti að skilgreina skírteinin í upphafi raunfærnimatsverkefnanna, til að þau séu hvatning og yfirlýsing um gildi raunfærnimats.

Matsaðilar og hlutverk þeirra í raunfærnimatinu

- Hlutaðeigandi hagsmunaaðilar sem mynda stýrihóp verkefnisins (svo sem fyrirtæki, stéttarfélög, starfsgreinaráð, fulltrúar frá formlega skólakerfinu og fleiri).
- Verkefnisstjóri sem leiðir verkefnið á grundvelli vandaðra raunfærnimatsaðferða og ferla.
- Náms- og starfsráðgjafar (í sumum löndum er hægt að nota hugtökin ráðgjafi, starfsráðgjafi eða starfsþjálfari) til að leiðbeina og styðja í gegnum ferlið.
- Fagaðilar; yfirmatsaðili ber ábyrgð á framkvæmd matsstigsins, aðstoðarmatsaðili (með sérþekkingu og reynslu) getur aðstoðað við að meta sérstaka færni.

Hlutverk stýrihópsins

Stýrihópurinn ber ábyrgð á að tryggt sé að tilrauna-verkefnið sé þróað og framkvæmt í samræmi við bestu starfshætti frá sjónarhóli starfsgreinarinnar, fræðasviðsins og fullorðinsfræðslu/starfsmenntunar. Stýrihópurinn sér um ráðgjöf til verkefnisstjóra, fagaðila og ráðgjafa varðandi alla þætti verkefnisins. Stýrihópurinn ætti líka að vinna með verkefnisstjóranum og vinnuhópnum (verkefnisstjóri, fagaðili/-ar og ráðgjafar) til að hafa áhrif á helstu hagsmunaaðila og til að styðja nálgun við innlenda aðila sem gefa út skjöl um hæfni/réttindi einstaklinga.

Hlutverk verkefnisstjóra

Aðalhlutverk verkefnisstjóra er að skipuleggja og samhæfa framkvæmd raunfærnimatsferlisins. Á meðan á undirbúningsstiginu stendur þarf verkefnisstjórinn að koma á náinni samvinnu við hlutaðeigandi hagsmunaaðila tengdum greininni og vinna að sammæli á t.d. inntökuskilyrðum, færni viðmiðum sem miða á við og þeirri aðferðafæði sem á að beita. Á meðan á framkvæmd ferlisins stendur verður verkefnisstjórinn að vinna náið með ráðgjöfum og fagaðilum (vinnuhópnum), sjá til þess að allt gangi samkvæmt áætlun og að gæðaviðmiðum sé fylgt.

Helstu verkefni

- skipuleggja fundi með stýrihópnum og vinnuhópnum
- stýra staðfestingarferlinu í samvinnu við stýrihópinn og vinnuhópinn
 - undirbúa verkefnaáætlun og fjárhagsáætlun

- sjá til þess að upplýsingaflæði sé virkt á milli hagsmunaaðila
 - hafa skýra yfirsýn yfir ferlið
 - leita lausna ef vandamál koma upp
 - sjá til þess að verkþáttum sé fylgt eftir og markmiðum náð í samræmi við verkáætlun
 - hvetja og styðja þá sem taka þátt í að framkvæma ólíka hluta ferlisins
- fylgja evrópsku leiðbeiningunum um mat á raunfærni.

Hlutverk ráðgjafa

Aðalhlutverk ráðgjafa er að aðstoða einstaklinga í ferlinu við að skilgreina færni og styðja þá í gegnum raunfærnimatsferlið. Ráðgjafinn gætir hagsmuna einstaklingsins og býður fram ráðgjöf í gegnum hópvinna og einstaklingsviðtöl. Hlutverk ráðgjafanna er aðskilið hlutverki fagaðilans.

Helstu verkefni

- veita upplýsingar um verkefnið til væntanlegra þátttakenda
- taka skimunarviðtöl fyrir inntöku, sjá um skipulagningu með þátttakendum og gera áætlun fyrir hin ýmsu þrep ferlisins
- hefja og hafa umsjón með færniöppugerð þar sem þátttakendur skrá færni sína
- koma vinnu við sjálfsmat af stað
- veita einstaklingsviðtöl, fara yfir gögn og ræða atriði eins og styrkleika, viðhorf til menntunar, námsmarkmið og persónulegar aðstæður
- hvetja og styðja
- koma á sambandi við fagaðila

- veita almennan stuðning og ráðgjöf á meðan á ferli raunfærnimatsins stendur og eftir að því lýkur
- taka þátt í starfi vinnuhóps verkefnisins við þróun og endurskoðun matsverkfæranna
- fylgja evrópsku leiðbeiningunum um mat á raunfærni

Hlutverk yfirmatsaðila/fagaðila

Yfirmatsaðilinn er sérfræðingur í faginu sem sem er ræðir. Margir fagaðilar eru kennarar í formlega skólakerfinu, þeir geta líka verið fagaðilar á vinnumarkaði. Fyrir utan faglega þekkingu verður yfirmatsaðilinn að vera jákvæður gagnvart hugmyndafræði raunfærnimats, hafa góða samskiptahæfileika og reynslu og þekkingu á matsaðferðum og þjálfun. Stýrihópurinn kemur sér saman um hvaða einstaklingar geti haft með höndum hlutverk fagaðila fyrir greinina.

Yfirmatsaðilar ættu ekki að vera í neinum tengslum við einstaklingana sem stendur til að raunfærnimeta.

Helstu verkefni

- taka þátt í að móta sjálfsmatslista á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru
- taka þátt í að skipuleggja matsferlið í samvinnu við aðra fagaðila
- upplýsa þátttakendur um ferlið (upplýsingafundur)
- leiðbeina þátttakendum við sjálfsmat þeirra
- fara yfir færniöppu þátttakenda og sjálfsmat og skipuleggja matsviðtöl
- leggja áherslu á hlutleysi, áreiðanleika og sanngirni í matsferlinu

- stýra matsviðtölum
- stýra staðfestingu á færni með áherslu á fjölbreytilegar matsaðferðir
- veita þátttakendum endurgjöf á skýran og uppbyggilegan hátt
- skrásetja niðurstöður raunfærnimats á viðeigandi hátt
- fylgja evrópsku leiðbeiningunum um mat á raunfærni

Ávinningur af raunfærnimati

Vinnustaður getur nýtt sér ferli raunfærnimatsins til að þróa starfsmannahald sitt og styrkja þannig og bæta stöðu sína á samkeppnismarkaði. Starfsmenn fá hvatningu til að nýta færni sína til fulls og til að þróa hana frekar. Með því að para betur saman færni starfsmanna og verkefni getur fyrirtækið aukið afköstin.

Starfsfólk þróar með sér aukið sjálfstraust í gegnum raunfærnimatsferlið, sem getur aukið starfsánægju og þar með minnkað starfsmannaveltu í fyrirtækinu.

Samfélagið í heild mun njóta ávinnings af viðurkenningu og staðfestingu á raunfærni vegna þess að ef starfsfólk veit að færni þess verður viðurkennd, er það því hvatning til að nýta hæfni sína til fulls og vinna að því að ná persónulegum markmiðum. Þetta eykur afköstin og bætir starfsandann.

Nákvæmari leiðbeiningar fyrir REVOW ferlið er að finna á heimasíðu verkefnisins, www.revow.eu.

Gröf


Endurgjöf frá þátttakendum í verkefninu var fengin með utanaðkomandi mati. Tveir spurningalistar voru þróaðir þar sem sjónum er beint að ánægju þátttakenda með feril verkefnisins (tölur 1-5), að hvataþáttum sem tengdust þátttöku í verkefninu og loks að áhrifum verkefnisins (tafla 6-9).

Niðurstöðurnar er hægt að skoða í eftirfarandi töflum.

Eftirfarandi tafla sýnir svarhlutfallið fyrir hvert land (þann 31.8.2011) sem við teljum fullnægjandi fyrir rannsókn okkar.


Land	Starfsgrein	Þáttakendur í tilraunaverkefni	Svör	%
Danmörk	Félags- og heilbrigðisþjónusta	18	14	78
Grikkland	Bifvélavirkjun	18	17	94
Ísland	Hljóðvinnsla	24	16	67
Írland	Fjármálaþjónusta í sparisjóðum stéttarfélaga	26	19	73
	SAMTALS	86	66	77

(Heimild: „Evaluation briefing“ eftir dr. George A. Koulaouzides)




Spurning nr. 1


**Meðaltal mælingar á
ánægju með hönnun
raunfærnimatsferlisins**

**Spurning nr. 2**


**Meðaltal mælingar á
ánægju með ráðgjafana**

**Spurning nr. 3**


**Meðaltal mælingar á
ánægju með fagaðilana**



Spurning nr. 4 Meðaltal mælingar á ánægju með stuðning stofnana




Spurning nr. 5 Heildaráhrif



Spurning nr. 6 Heildarniðurstaða fyrir væntingar um starfsframa

Kaflinn um væntingar um starfsframa byggist á eftirfarandi spurningum:

- Þátttaka mín tengdist væntingum mínum um eigin starfsþróun
- Ég vildi geta sýnt að ég hef meiri færni að bjóða í starfi mínu
- Ég vildi komast að því hvort ég sé að gera betur en þeir sem ég vinn með




Spurning nr. 7

Heildarniðurstaða fyrir framlag til samfélagsins

Kaflinn um framlag til samfélagsins byggist á eftirfarandi spurningum:

- Ég vildi taka þátt í árangursríku verkefni
- Mig langaði að leggja mitt af mörkum í þá nýju hugmyndafræði sem REVOW verkefnið felur í sér, sem myndi koma öðrum í mínu fagi til góða í framtíðinni
- Mig langaði að vera hluti af verkefni sem stuðlar að framþróun á stöðu starfsgreinar minnar




Spurning nr. 8

Heildarniðurstaða fyrir lærdóm

Kaflinn um lærdóm byggist á eftirfarandi spurningum:

- Mig langaði að vita meira um fagið mitt
- Mér finnst gaman að takast á við verkefni sem eru krefjandi vitsmunalega
- Ég tók þátt af því að ég var spennt/ur fyrir því að læra eitthvað nýtt




Spurning nr. 9

Heildarniðurstaða fyrir viðurkenningu á sérþekkingu

Kaflinn um viðurkenningu á sérþekkingu byggist á eftirfarandi spurningum:

- Ég tók þátt því ég vildi fá viðurkenningu á minni sértæku færni
- Ég vildi komast að því hversu mikla sértæka færni ég hef tileinkað mér
- Ég tók þátt af því að ég vil vera virtur fyrir þá sérhæfðu færni sem ég hef fram að færa



SAMSTARFSADILAR

Professionshojskolen UCC University College Capital
Department of didactics and learning



Titangade 11
2200 København N.
Denmark

Vefsíða: <http://www.ucc.dk>
Tengiliður: Lene Poulsen
Netfang: lp@ucc.dk

University of Patras
Electronics laboratory (Ellab)



26500 Rio Patras, Greece

Vefsíða: <http://www.upatras.gr>
Tengiliður: Haritantis Ioannis,
Sofia Kasola
Netfang: haritant@physics.upatras.gr,
skasola@upatras.gr

Irish Congress of Trade Unions



31/32 Parnell Square,
Dublin 1,
Ireland

Vefsíða: <http://www.ictu.ie>
Tengiliður: Sylvia Ryan
Netfang: sylvia.ryan@ictu.ie

VERKEFNASTJÓRN

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
The Education and Training Service Centre



Ofanleiti 2
103 Reykjavík
Ísland

Vefsíða: www.frae.is
Tengiliðir: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir,
Fjóla M. Lárusdóttir
Netföng: ingibjorg@frae.is
fjola@frae.is